

Skrifstofa sammingsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn



Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBT) kveður á um algjört bann við hvers kyns tilraunasprengingum sem tengjast þróun kjarnavopna, hvort sem er í hernaðar- eða friðsamlegum tilgangi. CTBT er þannig meðal lykilsamninga til þess að stemma stigu við útbreiðslu kjarnorkuvopna og stuðla að afvopnun.

Fyrstu hugmyndir um samninginn má rekja til upphafs kalda stríðsins. Formlegar samningaviðræður um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn hófust hins vegar ekki fyrr en árið 1993 og var samningurinn samþykktur af allsherjarþingi SP árið 1996. Ísland undirritaði samninginn 24. september 1996 um leið og hann var lagður fram til undirritunar, og var hann fullgiltur af Íslands hálfu 26. júní 2000. Samningurinn hefur ekki enn öðlast gildi þar sem 14. grein hans kveður á um að það gerist ekki fyrr en 44 tilgreind ríki hafi fullgilt hann, þ.e.a.s. þau ríki sem eiga það sameiginlegt hafa ráðið yfir kjarnavopnum eða kjarnaofnum þegar samningurinn var undirritaður. Í september árið 2013 höfðu 36 þessara ríkja fullgilt samninginn. Þau ríki sem ekki hafa stigið það skref eru: Bandaríkin, Egyptaland, Indland, Íran, Ísrael, Kína, Norður-Kórea og Pakistan. Árið 2013 höfðu 183 ríki undirritað samninginn og 159 ríki fullgilt hann. Svokölluð „14. greinar ráðstefna“ er haldin annað hvert ár í þeim tilgangi að stuðla að fullgildingu sammingsins. Hitt árið hittast svo „vinir CTBT“ í sama tilgangi, þ.e. til að hvetja til fullgildingar sammingsins.

Skrifstofa sammingsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO) var sett á fót árið 1996. Höfuðstöðvar hennar eru í Vín. Meginverkefni CTBTO er að reka alþjóðlegt eftirlitskerfi með kjarnorkutilraunum (80% af fjármagni). Alls er um að ræða net 337 eftirlitsstöðva sem staðsettar eru um víða veröld en slíkt eftirlitskerfi þarf að vera til staðar þegar samningurinn tekur gildi. Eftirlitskerfið mælir kjarnavirkni og því á ekki að vera hægt að brjóta gegn samningnum í leyni. Samningurinn gerir ráð fyrir að stofnunin geti, þegar samningurinn hefur tekið gildi, sent eftirlitsmenn til ríkja ef tilefni þykir til. Á skrifstofunni starfa vísindamenn og tæknifræðingar frá aðildarríkjum sammingsins og stendur skrifstofan fyrir margvíslegri þjálfun og tæknisamstarfi í og milli aðildarríkjanna.

Um 85% eftirlitsstöðvanna í eftirlitskerfi CTBTO eru þegar komnar í gang og senda gögn til höfuðstöðvanna í Vín. Tvær stöðvar eru á Íslandi – jarðskjálftamælingar í Borgarnesi á vegum Veðurstofunnar og geislaælingar í Reykjavík á vegum Geislavarna ríkisins. Rekstur þeirra er fjármagnaður af CTBTO. Mælingar eftirlitsstöðvar CTBTO í Reykjavík nýttust einnig við að mæla geislun í lofti eftir kjarnorkuslysið í Fukushima árið 2011.

Fastanefnd Íslands í Vín fylgist með og tekur þátt í starfi CTBTO í Vínarborg og sækir fundi eftir getu enda áhersla á afvopnunarmál ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu. Norðurlöndin hafa gert sig gildandi í starfi CTBTO en utanríkisráðherra Svíþjóðar var annar tveggja forseta 14. gr. ráðstefnunnar árið 2011, auk þess sem utanríkisráðherra Finnlands hefur verið áberandi í hópi „vina“ sammingsins. Einn íslenskur starfsmaður starfar hjá CTBTO Vín; Tryggvi Edwald tölvunarfræðingur.